

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1660 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, frá tilteknum þriðju löndum vegna áhættu á mengun af völdum varnarefnaleifa, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1660 frá 7. nóvember 2018 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, frá tilteknum þriðju löndum vegna áhættu á mengun af völdum varnarefnaleifa, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 848/2014 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á okru og karrílaufi frá Indlandi og reglugerð nr. 846/2018 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 848/2014 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á okru og karrílaufi frá Indlandi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. nóvember 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1660**

frá 7. nóvember 2018

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum, sem eru ekki úr dýrarákinu, frá tilteknum þriðju löndum vegna áhættu á mengun af völdum varnarefnaleifa, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Sambandsins vegna matvæla og fôðurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda lýðheilsu, heilbrigði dýra eða umhverfið þegar ljóst er að viðkomandi matvæli og fôður eru líkleg til að skapa alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig. Þessar neyðarráðstafanir Sambandsins geta verið setning sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á viðkomandi vörum.
- (2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 ⁽³⁾ er kveðið á um aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á fôðri og matvælum, sem eru ekki úr dýrarákinu, sem eru skráð í I. viðauka við hana. Vínviðarlauf frá Tyrklandi og drekaávöxtur frá Vietnam eru talin með í þeim viðauka og falla því undir aukið, opinbert eftirlit.
- (3) Niðurstöður úr opinberu eftirliti, sem aðildarríkin inntu af hendi innan ramma reglugerðar (EB) nr. 669/2009, gögn sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002, úttektarskýrslur framkvæmdastjórnarinnar, skýrslur sem bárust frá þriðju löndum og upplýsingaskipti á milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu sýna stöðuga fjölgun á tíðni tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum varðandi hámarksgildi varnarefnaleifa, sem eru fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽⁴⁾, í vínviðarlaufum frá Tyrklandi. Því var ekki hægt að greina framfarir, jafnvel eftir að tíðni eftirlits við landamæri Sambandsins var aukin.
- (4) Niðurstöður úr opinberu eftirliti, sem aðildarríkin inntu af hendi innan ramma reglugerðar (EB) nr. 669/2009, sýna hátt hlutfall tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum varðandi hámarksgildi varnarefnaleifa, sem eru fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005, í drekaávöxtum frá Vietnam. Úttekt, sem framkvæmdastjórnin innti af hendi í Vietnam í mars 2017 til að meta eftirlit með varnarefnum í matvælum úr plönturíkinu sem eru ætluð til útflutnings til Evrópusambandsins, leiddi enn fremur í ljós að skilvirkt, opinbert kerfi til eftirlits með varnarefnum vegna matvæla, sem eru flutt út til Sambandsins, er ekki fyrir hendi og að yfirvöld geta ekki tryggt að vörur frá Vietnam séu í samræmi við tilskilin ákvæði um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar.
- (5) Þetta veitir sannanir fyrir því að innflutningur á vínviðarlaufum frá Tyrklandi og drekaávöxtum frá Vietnam er líklegur til að skapa alvarlega áhættu fyrir heilbrigði sem ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á með þeim ráðstöfunum sem eru sem stendur fyrir hendi. Því er nauðsynlegt að fastsetja sérstök skilyrði fyrir innflutningi á vínviðarlaufum frá Tyrklandi og drekaávöxtum frá Vietnam.
- (6) Karrílauf frá Indlandi falla sem stendur undir sérstök skilyrði fyrir innflutningi sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2014 ⁽⁵⁾. Viðhalda ætti sérstökum skilyrðum fyrir innflutningi á þessari vöru í ljósi gagna, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður, og niðurstaðna úr opinberu eftirliti, sem aðildarríkin inntu af hendi innan ramma reglugerðar (ESB) nr. 885/2014, sem sýna stöðuga fjölgun á tíðni tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.
- (7) Því er rétt að krefjast þess að karrílauf frá Indlandi, vínviðarlauf frá Tyrklandi og drekaávextir frá Vietnam falli undir opinbert eftirlit fyrir útflutning til Sambandsins, þ.m.t. sýnataka og greining, til að tryggja að þessar vörur séu í samræmi við viðeigandi lagaskilyrði. Öllum sendingum af slíkum vörum ætti að fylgja heilbrigðisvottorð þar sem kemur fram að sýni hafi verið tekin úr vörnum í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ⁽⁶⁾.
- (8) Til þess að tryggja skilvirka skipulagningu og visst samræmi á vettvangi Sambandsins, að því er varðar eftirlit við innflutning með því hvort varnarefnaleifar séu fyrir hendi í og á karrílaufum frá Indlandi, vínviðarlaufum frá Tyrklandi og drekaávöxtum frá

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fôðri og matvælum, sem eru ekki úr dýrarákinu, og um breytingu á ákvæðum 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fôðri úr plöntu- og dýrarákinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2014 frá 13. ágúst 2014 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á okru og karrílauffi frá Indlandi og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 91/2013 (Stjtið. ESB L 242, 14.8.2014, bls. 20).⁽⁶⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuáðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýrarákinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

Vietnam, er rétt að kveða á um eftirlitsaðferðir í þessari reglugerð sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009.

- (9) Til þess að taka tillit til sérstaks eðlis þess þegar ekki er farið að tilskildum skjallægum ákvæðum er rétt að mæla fyrir um reglur um þær aðgerðir sem skal grípa til þegar bæði niðurstöður úr sýnatöku og greiningu og heilbrigðisvottorð fylgja ekki með vörusendingu eða ef þessar niðurstöður eða heilbrigðisvottorðið eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- (10) Í reglugerð (EB) 882/2004 er þess krafist að lögbær yfirvöld tilkynni framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um höfnun við landamæri. Að því er varðar varnarefni er rétt að skýra nánar að þegar lögbær yfirvöld hafna vörusendingu af matvælum, sem eru skráð í þessari reglugerð, ætti að senda slíkar tilkynningar ef ekki hefur verið farið að ákvæðum um hámarksgildi leifa, sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005, óháð því hvort farið hafi verið yfir viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- (11) Í því skyni að safna gögnum fyrir stöðugt áhættumat í tengslum við vörurnar sem falla undir þessa reglugerð og aðlaga fyrirbyggjandi ráðstafanir eins og nauðsyn krefur er rétt að gera þá kröfu að aðildarríkin leggi skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina tvisvar á ári með öllum greiningarniðurstöðum úr opinberu eftirliti sem innt er af hendi samkvæmt þessari reglugerð. Tilkomin aðildarríki skrá samræmt innflutningsskjal, sem varðar tiltekið föður og matvæli, sem eru ekki úr dýrarákinu, valfrjálst í Traces-kerfið, sem komið var á fót með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB ⁽⁷⁾ og 2004/292/EB ⁽⁸⁾, og veita framkvæmdastjórninni þannig upplýsingar um fjölda innfluttra vörusendinga og niðurstöður skodananna sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þessi kvöð um skýrslugjöf ætti því að teljast uppfyllt þegar aðildarríkin skrá samræmd innflutningsskjöl, sem eru gefin út í samræmi við þessa reglugerð, í Traces-kerfið.
- (12) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu endurskoðaðar fyrir 31. október 2019 í því skyni að meta hvort þær séu enn nauðsynlegar.
- (13) Fullnægjandi fjármagn ætti að vera tiltækt til að skipuleggja opinbert eftirlit í samræmi við þessa reglugerð. Þar af leiðandi ættu stjórnendur matvælafrirtækja, sem bera ábyrgð á vörusendingunni, að bera þann kostnað sem hlýst af slíku opinberu eftirliti.
- (14) Vegna gagnsæis og samkvæmni gildandi reglna ætti að setja fram í þessari reglugerð öll sérstök skilyrði, sem gilda um innflutning á karrílaufum frá Indlandi, vínviðarlaufum frá Tyrklandi og drekaávöxtum frá Vietnam, að því er varðar hvort varnarefnaleifar séu fyrir hendi. Þess vegna ætti að fjarlægja færslur um vínviðarlauf frá Tyrklandi og drekaávexti frá Vietnam úr I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 og fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014, sem varðar karrílauf frá Indlandi, úr gildi.
- (15) Til þess að gefa rekstraraðilum nægan tíma til að aðlagast kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 8. desember 2018. Í þágu réttarvissu er rétt að kveða á um að aðildarríkin ættu að heimila, á umbreytingartímabili, innflutning á sendingum af vínviðarlaufum frá Tyrklandi, drekaávöxtum frá Vietnam og karrílaufum frá Indlandi, sem fóru frá upprunalandinu og landinu þaðan sem vörusendingin er send frá, ef það land er annað en upprunandið, fyrir 8. desember 2018, að því tilskildu að hún sé í samræmi við kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 669/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014, eftir því sem við á, sem eru í gildi þann 7. desember 2018.
- (16) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um vörusendingar af matvælum, sem eru ekki úr dýrarákinu, sem eru skráð í I. viðauka.

Þessi reglugerð gildir einnig um samsett matvæli sem innihalda eitthvað af þeim matvælum sem eru skráð í I. viðauka í magni sem fer yfir 20%.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um vörusendingar af matvælum sem eru eingöngu ætlaðar einstaklingi til einkaneyslu eða notkunar. Sönnunarbyrðin skal hvíla hjá viðtakanda vörusendingarinnar ef um vafa er að ræða.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

Skilgreiningarnar á „samræmdu innflutningsskjali“ og „tilnefndum komustað“, sem settar eru fram í a- og b-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, eftir því sem við á, gilda einnig.

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „vörusending“ „framleiðslueining“ eins og skilgreint er í tilskipun 2002/63/EB.

Að því er varðar 3. mgr. 11. gr. gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3. gr.

Innflutningur inn í Sambandið

Vörusendingar af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., má einungis flytja inn í Sambandið í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Slíkar vörusendingar mega einungis koma inn í Sambandið um tilnefndan komustað.

⁽⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB frá 30. desember 2002 um þróun á samþætту dýraheilbrigðistölvukerfi (Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 44).

⁽⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).

4. gr.

Niðurstöður úr sýnatöku og greiningu

1. Með hverri vörusendingu af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu fylgja niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, sem lögbær yfirvöld í upprunalandinu inntu af hendi, eins og um getur í I. viðauka, eða í þriðja landinu þaðan sem vörusendingin er send frá, ef það land er annað en upprunalandið, til að ganga úr skugga um að farið sé að löggjöf Sambandsins um hámarksildi varnarefnaleifa.
2. Sýnataka sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmd í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.
3. Rannsóknarstofur, sem eru faggiltar í samræmi við staðalinn ISO/IEC 17025 um „Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa“, skulu framkvæma greininguna sem um getur í 1. mgr.

5. gr.

Heilbrigðisvottorð

1. Með hverri vörusendingu af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skal fylgja upprunaleg útgáfa heilbrigðisvottorðs í samræmi við fyrirmyndina í II. viðauka.
2. Heilbrigðisvottorðið skal vera fyllt út, undirritað og staðfest af lögbæru yfirvaldi í upprunalandinu eða lögbæru yfirvaldi í landinu þaðan sem vörusendingin er send ef það land er annað en upprunalandið.
3. Heilbrigðisvottorð skulu samin á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem tilnefndi komustaðurinn er. Aðildarríki geta hins vegar fallist á að heilbrigðisvottorð séu á öðru opinberu tungumáli Sambandsins.
4. Heilbrigðisvottorðið skal gefið út áður en vörusendingin, sem það gildir um, hverfur undan eftirliti lögbærs yfirvalds sem gefur það út.
5. Heilbrigðisvottorðið gildir aðeins í fjóra mánuði frá útgáfudegi.
6. Lögbær yfirvöld á tilnefndum komustað skulu fá upprunalegt heilbrigðisvottorð afhent og geyma það.

6. gr.

Auðkenning

Sérhver vörusending af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skal auðkennd með auðkenniskóða sem samsvarar auðkenniskóðanum sem kemur fram í niðurstöðum sýnatöunnar og greiningarinnar sem um getur í 4. gr. og heilbrigðisvottorðinu sem um getur í 5. gr. Sérhver poki eða annars konar pakking í vörusendingunni skal auðkennd með sama auðkenniskóða.

7. gr.

Fyrirframtilkynning um vörusendingar

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda fyrirframtilkynningu um áætlaðan komudag og komutíma vörusendinga af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., til lögbærra yfirvalda á tilnefnda komustaðnum og um eðli sendingarinnar.
2. Að því er varðar fyrirframtilkynningu skulu stjórnendur matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra fylla út I. hluta samræmda innflutningsskjalsins og senda það til lögbæra yfirvaldsins á tilnefndum komustað, a.m.k. einum virkum degi áður en vörusendingin kemur á staðinn.
3. Við útfyllingu samræmda innflutningsskjalsins samkvæmt þessari reglugerð skulu stjórnendur matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra taka tillit til leiðbeininganna fyrir samræmda innflutningsskjalið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009.

8. gr.

Opinbert eftirlit

1. Lögbært yfirvald á tilnefndum komustað skal annast sannprófun skjala í tengslum við hverja vörusendingu af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 4. og 5. gr.
2. Aðildarríkin skulu annast sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi vörusendinga, þ.m.t. sýnataka og greining, í samræmi við 8. gr. (1. mgr.), 9. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 með þeirri tíðni sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.
3. Að skoðunum loknum skulu lögbær yfirvöld:
 - a) fylla út viðeigandi færslur í II. hluta samræmda innflutningsskjalsins,
 - b) sameina niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, sem framkvæmd er í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, við samræmda innflutningsskjalið,
 - c) gefa upp og setja tilvísunarnúmer samræmda innflutningsskjalsins í samræmda innflutningsskjalið,
 - d) stimpla og undirrita frumrit samræmda innflutningsskjalsins,
 - e) taka og geyma afrit af undirritaða og stimplaða samræmda innflutningsskjalinu.
4. Lögbær yfirvöld á tilnefndum komustað skulu láta rekstraraðila, sem ber ábyrgð á vörusendingunni, í té staðfest afrit af heilbrigðisvottorðinu eða, ef sendingunni er skipt upp, afrit af slíku vottorði sem eru staðfest hvert fyrir sig.
5. Frumrit samræmda innflutningsskjalsins skal fylgja vörusendingunni við flutning uns hún er afgreidd í frjálst flæði.

9. gr.

Vörusendingu skipt upp

1. Vörusendingum skal ekki skipt upp fyrr en öllu opinberu eftirliti er lokið og lögbæra yfirvaldið hefur að fullu fyllt út samræmda innflutningsskjalið eins og kveðið er á um í 8. gr.

2. Ef vörusendingunni er síðar skipt upp skal staðfest afrit af samræmda innflutningsskjalinu fylgja hverjum hluta sendingarinnar meðan á flutningi stendur þar til hún er afgreidd í frjálst flæði.

10. gr.

Afgreiðsla í frjálst flæði

Vörusendingar skulu afgreiddar í frjálst flæði með fyrirvara um að stjórnandi matvælafyrirtækisins eða fulltrúi hans afhendi toll-yfirvöldum samræmt innflutningsskjal, sem lögbært yfirvald hefur fyllt út á tilhlýðilegan hátt, þegar öllu opinberu eftirliti er lokið. Tollyfirvöld skulu eingöngu afgreiða vörusendinguna í frjálst flæði ef ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, sem kemur fram í reit II.14 í samræmda innflutningsskjalinu og samræmda innflutningsskjalið er undirritað í reit II.21, er jákvæð.

11. gr.

Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Ef opinbert eftirlit, sem er framkvæmt í samræmi við 8. gr., leiðir í ljós að ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum í viðeigandi löggjöf Sambandsins, þ.m.t. þessari reglugerð, skal lögbæra yfirvaldið fylla út III. hluta samræmda innflutningsskjalsins og gripið skal til aðgerða skv. 19., 20. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

2. Ef niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, sem um getur í 4. gr., og heilbrigðisvottorð, sem um getur í 5. gr., fylgja ekki bæði með vörusendingu eða ef þessar niðurstöður eða heilbrigðisvottorðið er ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal ekki flytja vörusendinguna inn í Sambandið og skal hún endursend utan Sambandsins eða henni fargað.

3. Ef lögbært yfirvald á tilnefndum komustað heimilar ekki aðflutning vörusendingar af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., vegna þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum um hámarksgildi leifa sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005, skal það þegar í stað tilkynna um slíka höfnun við landamæri í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

12. gr.

Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina tvisvar á ári, fyrir lok fyrsta mánaðar eftir lok hvers sex mánaða tímabils, með öllum greiningarniðurstöðum úr opinberu eftirliti með vörusendingum af matvælum samkvæmt þessari reglugerð.

Í skýrslunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) fjöldi vörusendinga sem fluttar eru inn,
- b) fjöldi vörusendinga sem sýni voru tekin úr til greiningar,
- c) niðurstöður skoðananna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr.

2. Skýrslugjafarkvaðimar, sem settar eru fram í 1. mgr., teljast uppfylltar ef aðildarríkin skrá samræmdu innflutningsskjölin, sem lögbær yfirvöld þeirra gefa út í samræmi við þessa reglugerð, í Traces-kerfið.

13. gr.

Endurskoðun.

Endurskoða skal þessa reglugerð fyrir 31. október 2019.

14. gr.

Kostnaður

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem bera ábyrgð á vörusendingunni, skulu bera allan kostnað sem hlýst af opinberu eftirliti, þ.m.t. sýnatöku, greiningu, geymslu og öllum ráðstöfunum sem gripið er til af tilskildum ákvæðum er ekki fylgt.

15. gr.

Breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt sem hér segir:

- a) Færslan, þar sem vísað er til „vínviðarlaufa“ í færslunum fyrir Tyrkland, falli brott.
- b) Færslan, þar sem vísað er til „drekaávaxtar“ í færslunum fyrir Vietnam, falli brott.

16. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014 er felld úr gildi.

17. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í þrjá mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar, heimila aðflutning vörusendinga af karrílaufum sem eru upprunnin í Indlandi, sem fóru frá upprunalandinu og landinu þaðan sem vörusendingin er send ef það land er annað en upprunalandið, fyrir 8. desember 2018 að því tilskildu að þær séu í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2014 eins og þær voru fyrir 8. desember 2018.

Aðildarríkin skulu, í þrjá mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar, heimila aðflutning vörusendinga af vínviðarlaufum sem eru upprunnin í Tyrklandi og drekaávöxtum sem eru upprunnir í Vietnam, sem fóru frá þriðja landi sem er upprunaland og landinu þaðan sem vörusendingin er send frá ef það land er annað en upprunalandið, fyrir 8. desember 2018 að því tilskildu að þær séu í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 669/2009 eins og þær voru fyrir 8. desember 2018.

Nr. 1077

22. nóvember 2018

18. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. desember 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 7. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

I. VIÐAUKI

Matvæli, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem falla undir sérstök skilyrði varðandi innflutning þeirra inn í Evrópusambandið

Matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC-undirskipting	Upprunaland	Hætta eða hættur	Tíðni eftirlits með ástandi og sannprófunarauðkenna (%) við innflutning
Drekaávéxtir (<i>Matvæli — fersk eða kæld</i>)	úr 0810 90 20	10	Vietnam (VN)	Leifar af varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) (varnarefni sem skal einungis vakta í/á afurðum úr plönturíkinu) ⁽²⁾ og leifar af díþíókarbamötum (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb ⁽³⁾ , mankóseb ⁽³⁾ , metíram ⁽³⁾ , própíneb ⁽³⁾ , þíram ⁽³⁾ og síram ⁽³⁾), fentóati ⁽²⁾ og kínalfosí ⁽²⁾ .	10
Karrílauf (<i>Bergera / Murraya koenigii</i>) (<i>Matvæli – fersk, kæld, frosin eða þurrkuð</i>)	úr 1211 90 86	10	Indland (IN)	Leifar af varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) (varnarefni sem skal einungis vakta í/á afurðum úr plönturíkinu) ⁽²⁾ og leifar af asefati ⁽²⁾ .	20
Vínviðarlauf (<i>Matvæli</i>)	úr 2008 99 99	11, 19	Tyrkland (TR)	Leifar af varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) (varnarefni sem skal einungis vakta í/á afurðum úr plönturíkinu) ⁽²⁾ og leifar af díþíókarbamötum (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb ⁽³⁾ , mankóseb ⁽³⁾ , metíram ⁽³⁾ , própíneb ⁽³⁾ , þíram ⁽³⁾ og síram ⁽³⁾) og metrafenóni ⁽²⁾ .	20

⁽¹⁾ Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í vöruflokkunarkerfinu er SN-númerið merkt með „úr“.

⁽²⁾ Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar með gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu.

⁽³⁾ Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig.

II. VIÐAUKI

Land:	Heilbrigðisvottorð		
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi/útflytjandi Heiti Heimilisfang Land Símanúmer	I.2. Tilvísunamúmer vottorðs	
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
	I.5. Viðtakandi/innflytjandi Heiti Heimilisfang Land Símanúmer	I.6. Rekstraraðili sem er ábyrgur fyrir vörusendingunni í ESB (ef hann er þekktur) Heiti Heimilisfang Póstnúmer	
	I.7. Upprunaland, ISO-kóði	I.9. Viðtökuland, ISO-kóði	
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang	I.12. Ákvörðunarstaður (ef hann er þekktur) Heiti Heimilisfang	
	I.13. Sendingarstaður Heimilisfang	I.14. Brottfarardagur	
	I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járabrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Skjal:	I.16. Tilnefndur komustaður Heiti:	
		I.17. Skýrsla rannsóknarstofu Tilvísunamúmer: Útgáfudagur:	
	I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar <input type="checkbox"/>	I.20. Magn Samanlögð eigin þyngd (kg) Samanlögð heildarþyngd (kg)	I.22. Heildarfjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			
I.25. Vara sem er vottuð: Til manneldis <input type="checkbox"/>			
I.27. Afgreiðsla á innri markað <input type="checkbox"/>			
I.28. Auðkenning varanna SN-númer: TARIC-undirskipting:			
Tegund vöru	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Auðkenniskóði

Land:

Matvæli, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem falla undir sérstök skilyrði varðandi innflutning þeirra inn í ESB

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs						
<p>Ég, undirritaður, viðurkenndur fulltrúi lögbærs yfirvalds, lýsi því yfir að mér er kunnugt um þau ákvæði í reglugerð (EB) nr. 852/2004⁽⁹⁾ og reglugerð (EB) nr. 396/2005 sem skipta máli og votta hér með að:</p>							
<p>II. hluti: Vottun</p>	<p>II.1. Matvælin í vörusendingunni, sem er lýst í I. hluta, voru framleidd við skilyrði sem eru í samræmi við þau hámarksgildi varnarefnaleifa sem sett eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005 og voru framleidd, flokkuð, meðhöndluð, unnin, pökkuð og flutt í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur.</p> <p>II.2. Sýnataka úr þessari vörusendingu og greining fóru fram í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1660 (dagsetning) og greining á rannsóknarstofu til að ákvarða varnarefni fór fram(dagsetning) á (heiti rannsóknarstofu) með aðferðum sem taka a.m.k. til þeirrar hættu sem er tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.</p> <p>II.3. Upplýsingar varðandi sýnatöku, greiningaraðferðir sem notaðar voru og allar niðurstöður fylgja með og sýna að farið er að löggjöf Sambandsins varðandi hámarksgildi varnarefnaleifa.</p> <p>II.4. Þetta vottorð var gefið út áður en vörusendingin, sem það gildir um, hvarf undan eftirliti lögbærs yfirvalds.</p> <p>II.5. Þetta vottorð gildir í fjóra mánuði frá útgáfudegi.</p>						
<p>Viðurkenndur fulltrúi lögbærs yfirvalds</p> <table border="0" data-bbox="360 1352 1075 1460"> <tr> <td>Nafn (með hástöfum):</td> <td>Menntun, hæfi og titill:</td> </tr> <tr> <td>Dagsetning:</td> <td>Undirskrift:</td> </tr> <tr> <td>Stimpill:</td> <td></td> </tr> </table>		Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:	Dagsetning:	Undirskrift:	Stimpill:	
Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:						
Dagsetning:	Undirskrift:						
Stimpill:							

B-deild – 30. nóvember 2018

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).